

Vegagerðin, Norðursvæði
Svæðismiðstöð
Miðhúsavegi 1,
600 Akureyri

Reykjavík, 27. október
2022UST202203-081/G.S.O.
08.06.02

Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 10. maí 2022 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíks er fram kom í eftirliti þann 6. apríl sl. Frestur var veittur til 1. júní 2022 til að skila inn áætluninni.

Frávikið var eftirfarandi:

- 1. Gr. 2.1 í starfsleyfi og 50. og 52. gr. reglugerðar nr. 884/2017.** Töluvert magn efnabamba sem innihalda lífolúu voru á plani stöðvarinnar en engin lekaheld þró var um bambana. Gæta þarf þess að engin spilliefni séu geymd utan þróar eða lekabytta og rekstraraðili því hvattur til að genga frá bömbunum á viðunandi hátt við allra fyrsta tækifæri. **Samkvæmt myndum frá rekstraraðila er úrbótum lokið.**

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávíkunum lokið. Aðstæður verða skoðaðar og athugað með geymslu efnabamba utan lekavarnarþróar í næsta eftirliti.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur